

1. Leikskólinn Tröllaborg

Leikskólinn Tröllaborg er tveggja deilda leikskóli starfræktur í tveimur byggðarlögum, Hólum og Hofsósi. Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana austan Vatna sem þá voru þrír á Hólum, Hofsósi og í Fljótum og ráða einn leikskólastjóra. Leikskólinn fékk nafnið Tröllaborg. Hver deild hélt þó sínum séreinkennum og sínu nafni. Vorið 2014 lagðist niður leikskóladeildin í Fljótum.

Kjörorð Tröllaborgar er:

Leikum saman og lærum.

1.1. Merki leikskólans



Leikskólinn Tröllaborg

Þegar leikskólarnir voru sameinaðir var ákveðið að búa til merki leikskólans sem höfðaði á einhvern hátt til allra deildanna. Tekin var hluti úr nafni hverrar deildar. Húsið stendur fyrir seinni hlutann í Barnaborg, bangsinn fyrir fyrrihlutann í Bangsabæ og brúsinn fyrir fyrrihlutann Brúsabæ.

Hönnuður að merkinu var Anna Árnína Stefánsdóttir.

1.2. Barnaborg

Tröllaborg á Hofsósi sem hét áður Leikskólinn Barnaborg var stofnaður árið 1981 af foreldrum leikskólabarna. Hofsóshreppur lagði til húsnæði en



foreldrar sáu um reksturinn fyrstu tvö árin en þá tók Hofsóshreppur við rekstrinum, þar til að Sveitarfélagið Skagafjörður tók við rekstrinum eftir sameiningu hreppanna árið 1998. Leikskólinn var í

leiguhúsnæði tvö fyrstu árin. Árið 1982 var húsnæðið við Suðurbraut 7 á Hofsósi tekið á leigu og ári seinna keypti Hofsóshreppur húseignina. Haustið 2016 fannst myglusveppur á lofti húsins og þar sem húsnæðið þarfnast verulegra endurbóta var ákveðið að byggja við grunnskóla staðarins.

Leikskólinn er nú í leiguhúsnæði í Túngötu 10 þar til að nýja leikskólabyggingin verður tilbúin.

1.3. Brúsabær

Tröllaborg á Hólum sem hét áður Leikskólinn Brúsabær, hóf starfsemi sína haustið 1985. Leikskólinn var rekinn af foreldrum fyrstu árin en þá tók Hólahreppur við rekstrinum, einnig kom Viðvíkurhreppur þar inn að hluta. Húsnæðið var ekki stórt, aðeins eitt herbergi enda aðeins ætlað fyrir 8 börn í fyrstu. Þetta húsnæði var í starfsmannahúsi sem er í eigu Háskólans að



Hólum. Eftir að Hólahreppur tók við rekstrinum var húsnæðið stækkað. Börnunum á svæðinu fjölgaði ört og árið 1997 var ákveðið að Hóla- og Viðvíkurhreppur myndu standa saman að nýrri leikskólabyggingu. Ákveðið var að byggja við grunnskóla staðarins, samnýta mötuneyti og efla samvinnu við grunnskólann. Í janúar 1999 flutti leikskólinn í nýja húsnæðið sem er 112 m², en þá hafði nýtt samaeinað sveitarfélag tekið við rekstrinum eða í júní 1998.

Enn fjölgaði börnunum og ljóst var að stækka þyrfti húsnæðið. Breytingar voru gerðar á grunnskólahúsnæðinu 2008 og rýmkað um fyrir leikskólanum. Skrifstofa leikskólastjóra og undirbúningsaðstaða fyrir starfsmenn var flutt þangað inn. Einnig eru tvær litlar stofur sem eru samnýttar af leik- og grunnskólanum eftir því sem þurfa þykir.